




Sveitarstjórástarf

Starf sveitarstjóra á Eskifirði er laust til umsóknar.

Umsóknarfrestur er til 20. júlí n.k., starfið verður veitt frá 1. ágúst n.k.

Allar upplýsingar viðkomandi starfinu gefur oddviti sveitarstjórnar Alfreð Guðnason, í síma 46-116, Eskifirði.

Sveitarstjórn Eskifjarðar.

SVEINSPRÓF í húsmíði

hefst sunnudaginn 21. júní í Iðnskólanum í Reykjavík kl. 13.30.

Prófnefndin



LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

Hátíðarsetning í Háskólabíói í dag, laugardag kl. 14.00.

Ósottar pantanir verða seldar í Háskólabíói frá kl. 11.00.



LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK



Söluíbúðir í borgarbyggingum

Samkvæmt ákvörðun borgarráðs varðandi sölu íbúða í borgarbyggingum, er hér með auglýst eftir umsóknum þeirra er koma vilja till greina þegar endurseldar eru íbúðir, sem borgarsjóður kaupir samkvæmt forkaupsrétti sínum.

Að þessu sinni er um að ræða:

- 2 herbergja íbúðir við Hólmgarð
- 2 herbergja íbúðir við Hæðargarð
- 3 herbergja íbúðir við Gnoðarvog
- 3 herbergja íbúðir við Grensásveg

Nánari upplýsingar veitir húsnæðisfulltrúi í Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Vonarstræti 4, viðtöl kl. 10—12.

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Nú er unnið af kappi við undirbúning sýningarinnar, og hér sjáum við Kjartan Guðjónsson listmálara að útbúa veggauglýsingu, Einar Hákonarson formann sýningarnefndar að virða fyrir sér uppstillingu myndanna og Hannes Kr. Davíðsson arkitekt og Pál Línal formann listahátíðarnefndar ræðast við.

Myndlistarhúsið opnað

Myndlistarhúsið á Miklatúni byrjar feril sinn með yfirgripsmikilli sýningu á íslenskri nútíma myndlist þar sem sýnd eru rúmlega 100 verk eftir 36 höfundum. Elztur þeirra er Finnur Jónsson, fæddur 1892, en yngstur er Helgi Gíslason, fæddur 1947. Þarna eiga að koma fram nokkurn veginn allar stíltegundir sem íslenskir nútíma-málarar eru að fást við í dag.

Þannig að sýningin gefur glögg yfirlit yfir nýjar stefnur og strauma og er um leið í eðlilegu framhaldi af sýningu Listasafns íns. „Tíu málarar á 20. öld“.

Verkfallið hefur að sjálfsögðu tafið fyrir undirbúningi sýningarinnar, en þó kemur greinilega í ljós, að myndlistarhúsið mun verða hið glæsilegasta í framtíðinni, en haustið 1971 er gert ráð fyrir, að það verði fullbúið.

Listunnum gefst kostur á að sjá sex sýningar alls á íslenskri myndlist meðan á listahátíðinni stendur, og verða verk eftir nærri 70 íslenska listamenn sýnd á sama tíma. —

Afmælishátíð Skarphéðins á Lagarvatni um verzlunarmanna- helgina

60 ára afmælishátíð Héraðssambandsins Skarphéðins, sem halda átti að Þjórsáartúni 20. og 21. júní, verður af ýmsum ástæðum frestað fram til verzlunarmannahelgarinnar 1.—3. ágúst. Mjög verður vandað til alls undirbúnings hátíðarinnar og verður dagskrá hennar mjög fjölbreytt. Íbróttahátíðin verður á íþróttaleikvanginum á Laugarvatni. Þar fer fram héraðsmót Skarphéðins í frjálsum íþróttum, bændaglíma, úrslitaleikir í handknattleik, knattspyrnu o. fl.

Að kvöldinu munu vinsælustu danshljómsveitir Suðurlands leika fyrir dansi á tveimur pöllum í Laugardalnum.

